

Samtök sveitarfélaga
á höfuðborgarsvæðinu

Ársreikningur 2016

Efnisyfirlit

	Bls.
Áritanir stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru hagsmunasamtök og samstarfsvettvangur sveitarfélaganna, stofnuð árið 1976. Markmið samtakanna er að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að auknum samskiptum og samstarfi sveitarstjórnarmanna, sveitarstjórnarnefnda og starfsmanna sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2016 er afkoma samtakanna neikvæð um 0,3 millj. kr. Eigið fé samtakanna í árslok 2016 samkvæmt efnahagsreikningi nam 13,6 millj. kr. en vísað er til ársreikningsins varðandi rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Laun og launatengd gjöld nema 38,6 millj. kr. Starfandi er framkvæmdastjóri hjá samtökunum auk tveggja annarra starfsmanna alls í 2,7 stöðugildum í árslok. Meðal verkefniskostnaðar svæðisskipulags eru færð laun og launatengd gjöld starfsmanna verkefnisins. Nema laun og launatengd gjöld verkefnisins 13,1 millj. kr. á árinu.

Aðildarsveitarfélög samtakanna voru sjö á árinu 2016 en þau eru, Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður, Kjósarhreppur, Kópavogsbær, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg og Seltjarnarneskaupstaður.

Stjórn og framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2016 með undirritun sinni.


Kópavogur 6. mars 2017

Framkvæmdastjóri



Kópavogur 13. mars 2017

Í stjórn samtakanna:



Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna

Til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samtakanna 31. desember 2016 og afkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð samþökunum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi samtakanna og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samþökin upp eða hætta starfsemi þeirra, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitem við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun óháðs endurskoðanda og skoðunarmanna, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samtakanna.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samtakanna. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samtökin órekstrarhæf.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Reykjavík, 6. mars 2017

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu höfum yfirfarið ársreikning samtakanna fyrir árið 2016 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Kópavogur 6. mars 2017



Rekstrarreikningur ársins 2016

	Skýr.	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
Rekstrartekjur				
Árgjöld aðildarsveitarfélaga	4	8.544.760	8.545.000	8.451.280
Framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga		27.536.994	26.500.000	25.192.073
Framlag úr Jöfnunarsjóði v/sóknaráætlunar 2020		1.638.853	1.600.000	1.638.854
		37.720.607	36.645.000	35.282.207
Rekstrargjöld				
Laun og launatengd gjöld	5	25.098.916	23.548.000	20.079.991
Húsnæðiskostnaður	6	4.788.303	5.000.000	4.778.516
Annar rekstrarkostnaður	7	2.156.563	3.600.000	3.234.835
		32.043.782	32.148.000	28.093.342
Verkefnakostnaður	8	6.433.678	5.000.000	4.946.320
		38.477.460	37.148.000	33.039.662
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	(	756.853)	(503.000)	2.242.545
Vaxtatekjur		361.984	300.000	116.546
Arður		231.483		227.347
Fjármagnstekjuskattur	(	118.693)		(68.777)
Vaxta- og þjónustugjöld	(	53.499)		(55.326)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		421.275	300.000	219.790
Afkoma ársins	11 (	335.578)	(203.000)	2.462.335

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir			
Spölur hf., hlutafé	9	73.459	73.459
Skammtímakröfur		14.980.723	22.384.661
Handbært fé		25.276.345	13.333.486
		40.257.068	35.718.147
Eignir samtals		40.330.527	35.791.606
Eignir utan efnahagsreiknings	10		
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur	11	13.556.735	13.892.313
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		13.856.131	13.761.286
Skammtímaskuldir		6.386.881	4.210.219
Ónotað innborgað verkefnafé		6.530.782	3.927.790
		26.773.794	21.899.295
Eigið fé og skuldir samtals		40.330.527	35.791.606

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	Ársreikningur 2016	Fjárhagsáætlun 2016	Ársreikningur 2015
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins	11 (	335.578)	(203.000)	2.462.335
Veltufé (til) frá rekstri	(	335.578)	(203.000)	2.462.335
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		7.403.938	0 (	8.337.007)
Skammtímaskuldir, hækkun		4.874.499	0	8.946.019
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		12.278.437	0	609.012
Handbært fé frá (til) rekstrar		11.942.859	(203.000)	3.071.347
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu		11.942.859	(203.000)	3.071.347
Handbært fé í ársbyrjun		13.333.486	13.333.486	10.262.139
Handbært fé í árslok		25.276.345	13.130.486	13.333.486

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Tekjur

Rekstrartekjur SSH eru annars vegar framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og hins vegar árgjald aðildarsveitarfélaganna eins og það er ákvarðað á aðalfundi hverju sinni. Framlög Jöfnunarsjóðs eru færð til tekna í samræmi við úthlutanir sjóðsins. Framlög sveitarfélaga byggja á föstu gjaldi pr. íbúa sem síðan er innheimt með hliðsjón af fjölda íbúa í viðkomandi aðildarsveitarfélagi.

3. Fjárhagsáætlun

Endurskoðuð fjárhagsáætlun samtakanna fyrir árið 2016 er birt í rekstrarreikningi og sjóðsstreymisýfirliti til samanburðar.

4. Árgjöld aðildarsveitarfélaga:

	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Reykjavíkurborg	4.898.400	4.872.880
Kópavogsbær	1.365.600	1.328.200
Hafnarfjarðarbær	1.127.560	1.115.000
Garðabær	588.680	578.120
Seltjarnarnesbær	176.600	176.440
Mostellsbær	379.240	372.000
Kjósarhreppur	8.680	8.640
	8.544.760	8.451.280

5. Laun og launatengd gjöld:

Laun skrifstofu:

Laun framkvæmdastjóra	14.904.369	13.079.840
Önnur laun skrifstofu	4.855.879	3.436.225
Lífeyrissjóðsgjöld	2.042.336	1.658.449
Sjúkra og orlofssjóðsgjöld	79.376	10.042
Tryggingagjald	1.608.309	1.423.138
Endurhæfingarsjóður	24.164	55.362
Tryggingar	98.124	47.875
Áfallið orlof	1.832.859	481.060
Laun vegna ræstingar færð á húsnæðiskostnað	(346.500)	(112.000)
	25.098.916	20.079.991

Laun svæðisskipulags:

Laun starfsmenn svæðisskipulags	9.993.614	8.795.756
Laun svæðisskipulagsnefndar og varamanna í stjórn	2.014.144	1.623.474
Lífeyrissjóðsgjöld	1.195.495	1.041.472
Tryggingagjald	949.522	885.024
Áfallinn launakostnaður og launatengd gjöld	395.136	0
Endurhæfingarsjóður	10.994	7.369
Áfallið orlof	(1.057.405)	(7.697)
Launakostnaður vegna svæðisskipulags fært á verkefniskostnað	(13.501.500)	(12.345.398)
	0	0

Laun og launatengd gjöld samtals

25.098.916	20.079.991
------------	------------

Skýringar, frh.:

5. Laun og launatengd gjöld, frh.:

Áfallið orlof hækkar um 775.454 kr. Skiptist sú fjárhæð þannig að áfallið orlof vegna skrifstofu hækkar um kr. 1.832.859 og lækkar um kr. 1.057.405 vegna svæðisskipulags. Í efnahagsreikningi ársins nemur áfallna orlofið 3.439.720 kr. í lok árs 2016.

6. Húsnæðiskostnaður:

	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Húsaleiga	3.766.978	3.704.317
Annar kostnaður	1.021.325	1.074.199
	4.788.303	4.778.516

7. Annar rekstrarkostnaður:

Tölvupjónusta.....	1.820.594	3.115.776
Bókhaldspjónusta.....	1.575.363	1.481.490
Fundakostnaður skrifstofu (stjórnarfundir ofl.).....	995.774	1.143.616
Sími og burðargjöld.....	708.957	815.632
Bifreiðastyrkir.....	660.000	740.544
Rekstur og viðhald skrifstofuáhalda.....	639.527	433.108
Gjaldfærð áhöld.....	773.418	279.980
Endurskoðun og reikningsskil.....	626.819	469.737
Ráðstefnur og námskeið.....	150.223	252.854
Ferðakostnaður.....	0	182.620
Bækur, blöð, tímarit.....	121.870	127.213
Pappír, prentun, rittöng.....	18.450	59.490
Hlutdeild svæðisskipulags í sameiginlegum kostnaði.....	(5.000.000)	(5.000.000)
Hlutdeild sóknaráætlunar í sameiginlegum kostnaði.....	(1.000.000)	(1.000.000)
Annar kostnaður.....	65.568	132.775
	2.156.563	3.234.835

8. Verkefnakostnaður:

Sóknaráætlun:

Samkvæmt samningi sem gerður var við fjármála- og efnahagsráðuneytið þann 10. febrúar 2015 eru Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu umsjónar- og framkvæmdaðili sóknaráætlunar fyrir höfuðborgarsvæðið. Framlög samkvæmt framangreindum samningi námu 31,5 millj. kr. á árinu. Verkefnin voru 3 talsins og má finna sundurliðun áfallins kostnaðar á hvert þeirra hér neðangreint.

Svæðisskipulag:

Þann 24. ágúst 2012 skrifuðu aðildarsveitarfélögin undir nýtt samkomulag um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins, en þar með var lagður grunnur að heildarendurskoðun núgildandi svæðisskipulags fyrir árin 2001 - 2024. Samhliða ákvörðun sveitarfélaganna um að hefja vinnu við heildarendurskoðun svæðisskipulagsins var skrifstofu SSH falið að halda utan um rekstur verkefnisins, og í kjölfarið var ráðinn sérstakur svæðisskipulagsstjóri. Tekjufærð framlög til svæðisskipulags á árinu 2016 nema 23,5 millj. kr. en áfallinn kostnaður nam á sama tíma 22,6 millj. kr.

Skýringar, frh.:

8. Verkefnakostnaður, frh.	Ársreikningur 2016	Ársreikningur 2015
Sóknaráætlun 2015-2019:		
Ríkissjóður vegna Sóknaráætlun.....	31.504.381	22.900.000
Ónotað innborgað verkefnafé Sóknaráætlunar.....	1.351.056	(1.974.556)
Innheimt vegna sóknaráætlunar.....	32.855.437	20.925.444
Sameiginlegur kostnaður.....	1.040.700	1.000.000
Borgarlína.....	17.586.320	13.680.677
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins.....	6.521.137	3.127.367
Markaðssetning gagnvart erlendum fjárfestum.....	9.580.081	3.117.400
	34.728.238	20.925.444
Sóknaráætlun 2015-2019	1.872.801	0
Svæðisskipulag:		
Hlutdeild skipulagssjóðs.....	0	17.364.177
Hlutdeild SVF vegna svæðisskipulags.....	23.519.995	19.615.634
Innheimt vegna svæðisskipulags.....	23.519.995	36.979.811
Laun starfsmanna svæðisskipulags.....	9.993.614	8.795.756
Laun fyrir setur í svæðisskipulagsráði og samvinnunefnd.....	2.014.144	1.623.474
Launatengd gjöld.....	1.493.742	1.933.865
Bíðfastyrkur.....	396.000	417.600
Aðkeypt sérfræðipjónusta.....	555.061	7.894.192
Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði.....	5.000.000	5.000.000
Skrifstofu og húsnæðiskostnaður.....	82.625	2.206.052
Flutt frá fyrra ári/ (til næsta árs).....	3.984.809	9.108.872
	23.519.995	36.979.811
Svæðisskipulag	0	0
Almenningssamgöngur:		
Framlög Vegagerðarinnar vegna almenningssamgangna.....	889.560.000	806.160.000
Greitt til Strætó bs.....	(889.560.000)	(806.160.000)
	0	0
Annar verkefnakostnaður:		
Pjónusta við fatlaða.....	1.095.500	12.216.150
Rekstrarúttekt byggðasamlaga.....	14.034.253	13.341.000
Viðhald girðinga.....	3.501.420	4.360.942
Vatnsvernd.....	720.810	5.879.801
Annar verkefnakostnaður.....	1.059.457	1.101.378
Innheimt hjá sveitarfélögum v/vatnsverndar.....	(720.810)	(5.879.801)
Innheimt hjá byggðasamlögum vegna rekstrarúttektar.....	(14.034.253)	(13.341.000)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/málefna fatlaðra.....	(1.095.500)	(12.216.150)
Innheimt hjá sveitarfélögum v/annars verkefnakostnaðar.....	0	(516.000)
	4.560.877	4.946.320
Verkefnakostnaður samtals	6.433.678	4.946.320

Skýringar, frh.:

9. Eignarhlutir í félögum

Samkvæmt hlutaskrá Spalar hf. nemur hlutafjäreign samtakanna 660 þús. kr. Eignfært hlutafé í efnahagsreikningi samtakanna er hins vegar 73 þús. kr. en það er sú fjárhæð sem greidd var úr sameiginlegum sjóðum samtakanna. Mismuninn eða 587 þús. kr. greiddu aðildarsveitarfélögin sjálf og er það eignfært hjá hverju um sig.

10. Eignir utan efnahagsreiknings

Í eigu samtakanna eru ýmsir lausafjármunir, sem áður hafa verið gjaldfærðir. Hér er einkum um að ræða húsgögn og skrifstofuhöld, sem notuð eru við daglegan rekstur.

11. Yfirlit um eiginfjárreikning:

	2016	2015
Eiginfjárreikningur í ársbyrjun	13.892.313	11.429.978
Afkoma ársins	(335.578)	2.462.335
Eiginfjárreikningur í árslok	13.556.735	13.892.313

12. Samningar

Hinn 7. maí 2012, var gengið frá samningi milli innanríkisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna sérverkefnis til eflingar almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Samningurinn er til tíu ára og felur í sér framlög Vegagerðarinnar til verkefnisins sem nemur 822 millj. kr. á árinu 2014, 900 millj. kr. árlega á samningstímanum auk 550 millj. kr. framlags á árinu 2022. Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu eru móttakandi framlaga Vegagerðarinnar sem síðan er veitt áfram óskert til Strætó bs. Fjárhæðir framlaga taka breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu og vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í fyrsta skipti 1. janúar 2013. Þrátt fyrir framangreind verðbótaákvæði þá er fjárhæð hvers árs háð fjárlögum hverju sinni.

Yfirlit verkefnisumsjónar SSH á árinu 2016

	Svæðis- skipulag	Vatns- vernd	Sóknar- áætlun	Akstur- fatiðs fólks	Rekstrarútt. byggðasaml.	Viðhald girðinga	Almennings samgöngur	Önnur verkefni	Samtals 2016
Innheimt vegna verka									
Hlutdeild ríkissjóðs			32.855.437				889.560.000		922.415.437
Hlutdeild sveitarfélaga	23.519.995	387.468		1.095.500					25.002.963
Hlutdeild byggðasamla/annarra		333.342			14.034.253				14.367.595
	23.519.995	720.810	32.855.437	1.095.500	14.034.253	0	889.560.000	0	961.785.995
Kostnaður vegna verka									
Verkefniskostnaður	19.535.186	720.810	34.728.238	1.095.500	14.034.253	3.501.420	889.560.000	1.059.457	964.234.864
Fyrirframinnheimt verkefnafé	3.984.809		0						3.984.809
	23.519.995	720.810	34.728.238	1.095.500	14.034.253	3.501.420	889.560.000	1.059.457	968.219.673
Verkefnakostnaður SSH	0	0	(1.872.801)	0	0	(3.501.420)	0	(1.059.457)	(6.433.678)